

Fundur í Fræðslunefnd Skaftárhrepps
haldinn í fjarfundi mánudaginn 31. janúar kl: 16.30
Fundur nr 178

Mættir: Jón Hrafn Karlsson, Anna Magdalena Buda, Ingimar Helgason, Lilja Magnúsdóttir, Sandra Brá Jóhannsdóttir og Fanney Ásgeirsdóttir, sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

1) Kl 16:30 Fræðslunefnd

- a. Uppfærsla og endurskoðun á menntastefnu Skaftárhrepps 2016-2020.
Fræðslunefnd leggur til við sveitarstjórn að skipaður verði vinnuhópur til að vinna að endurskoðun menntastefnunnar. Þar verði fulltrúar kennara Kirkjubæjarskóla, foreldrafélags Kirkjubæjarskóla, Heilsuleikskólans Kærabæjar, foreldra leikskólabarna auk tveggja fulltrúa fræðslunefndar, sem eru Jón Hrafn Karlsson og Fanney Ásgeirsdóttir. Mikilvægt er að skrifa heimsmarkmiðin inn í uppfærða menntastefnu.
- b. Uppfærsla og endurskoðun á læsisstefnu Skaftárhrepps sem samþykkt var þann 15. maí 2018.
Fræðslunefnd ákveður að senda stefnuna til leik- og grunnskóla og biðja íslenskukennara og leikskólastjóra að byrja á að fara yfir kaflana um Aðferðir til læsis, og Matsaðferðir og uppfæra þá.
- c. Reglur um heimgreiðslur til foreldra barna á leikskólaaldri. Lilja tekur að sér að setja upp drög að reglum fyrir næsta fund.
- d. Önnur mál. Næsti fundur áætlaður 3. mars, kl. 16.

2) Kl 17:15 Heilsuleikskólinn Kærabær

Á fundinn mættu Guðrún Sigurðardóttir leikskólastjóri og Bergur Sigfússon fulltrúi foreldra.

- a. Starfsmannamál og nemendur. 41 nemandi núna og tveir í viðbót á leiðinni fyrir vorið. Talsverð veikindi í starfsmannahópnum, sem skapar erfiðleika í mönnun.
- b. Kynning á handbók um snemmtæka íhlutun í máli og læsi. Leikskólastjóri kynnti handbókina. Fræðslunefnd þakkar kynninguna og lýsir ánægju sinni með vandaða vinnu og fagleg vinnubrögð.
- c. Kynning á jákvæðum aga: Búið að nýta einn skipulagsdag til kynningar fyrir starfsfólk og fyrir liggur að taka seinni hluta kynningar á næsta skipulagsdegi. Framundan eru svo fyrstu skrefin í innleiðingu.
- d. Viðmið leikskóla vegna Covid. Leikskólastjóri kynnt drög að viðmiðum leikskólastjóra leikskólanum Laugalandi, Heklukoti, Mánalandi og Heilsuleikskólanum Kærabæ. Fræðslunefnd tekur undir með leikskólastjóra að æskilegt sé að þessi viðmið séu kynnt foreldrum. Þau verði svo endurskoðuð jafnhliða breytingum á faraldrinum.

3) Kl 18:00 Kirkjubæjarskóli

Á fundinn mættu: Katrín Gunnarsdóttir, skólastjóri, Karitas Heiðbrá Harðardóttir, fulltrúi kennara og Auður Guðbjörnsdóttir fulltrúi foreldra.

- a. Skólanámskrá 2021-2022. Skólanámskrá kynnt. Ræddar ábendingar um liði sem mætti skýra betur, m.a. þarf að bæta inn umbótaáætlun.
- b. Starfsáætlun 2021-2022. Starfsáætlun samþykkt. Fræðslunefnd hvetur til þess að leitast verði við að virkja skólaráð og foreldrafélag betur í skólastarfinu.
- c. Forvarnarteymi grunnskólans. Forstöðumaður skólaþjónustu leggur til að nemendaverndarráð gegni hlutverki forvarnarteymis grunnskólans. Fræðslunefnd tekur undir þá tillögu.
- d. Viðmið um flýtingu nemenda. Skólastjóri kynnir drög að verkferli/viðmiðunarreglum við flýtingu nemenda. Fræðslunefnd samþykkir drögin.
- e. Kynning á erindi frá Háskólanum á Hólum, þar sem óskað er eftir að Kirkjubæjarskóli verði samstarfsaðili í Evrópuverkefni í tengslum við ferskvatns fiskeldi. Fræðslunefnd fagnar þessu tækifæri sem getur orðið mjög áhugavert fyrir nemendur.

4) Kl 18:45 Tónlistarskóli Skaftárhrepps

Á fundinn mætti: Zbigniew Zuchowicz skólastjóri tónlistarskólans.

Starfsemi tónlistarskólans kynnt. 20 nemendur stunda nám við skólann á vorönn. 4 nemendur hafa nú þreytt 1. stigspróf, 3 nemendur 2.stigs próf og tveir eru að undirbúa sig fyrir 3. stig. Haldnir voru jólatónleikar, en fá önnur tækifæri hafa gefist til að spila opinberlega í vetur. Fræðslunefnd þakkar kynninguna og fagnar þeirri grósku sem er í starfi tónlistarskólans.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:23.